



NORRÆNAR SÖGUR

7

NORRÆNAR SÖGUR

7 norrænar sögur 2011

ISBN: 978-92-893-2327-7

ANP 2012:716

© Norræna ráðherranefndin

Ritstjóri: Silje Bergum Kinsten

Ritnefnd: Silje Bergum Kinsten, Janise Fabricius, Jesper Schou-Knudsen, Bodil Tingsby, Heidi Orava, Louise Hagemann, Mats Holmström, Michael Funch, Michael Holmboe Bang, Steen Ulrik Johannesen og Iben H. Danielsen.

Umbrot: Jette Koefoed/norden.org

Pýðing: Erla Sigurðardóttir

Ljósmyndir:

Kápa, bls. 10, 12, 28, 30, 31, 33: Karin Beate Nøsterud/norden.org

bls. 8, 9, 11, 15, 17, 20, 21, 23, 29: Johannes Jansson/norden.org

bls. 19: S.Sigbjørnsen/norden.org

bls. 25, 27: Silje Bergum Kinsten/norden.org

bls. 26: Image Select

Ritið má panta á www.norden.org/order

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Prentun: Arco Grafisk, Skive

Upplag: 200

Printed in Denmark



Nordisk Ministerråd

(Norræna ráðherranefndin)

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Símí (+45) 3396 0200

Nordisk Råd

(Norðurlandaráð)

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Símí (+45) 3396 0400

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

7 norrænar sögur

Formáli	7
Hvað um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs?	9
Smitandi gott fordæmi	13
Orkusveitarfélög – hvatning á Norðurlöndum og víðar	16
Ný norræn matargerð – í utanríkisþjónustu	21
Rannsóknasamstarf í þágu lýðræðis	24
Senn er fokið í flest skattaskjól	29
Loftslagsaðgerðir og þróunaraðstoð eiga samleið	32

Formáli

Öll vitum við hvað norræna vegabréfasambandið er, flestir þekkja bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og æ fleiri kunna deili á umhverfismerkinu Svaninum.

Enn er ótalið allt það hversdagslega í lífi Norðurlandabúa sem léttir þeim vinnuna og veitir þeim ánægju í fríum? Allt sem þykir sjálfsagt mál en fæstir hugleiða að þakka má sextíu ára samstarfi landanna.

Hér gefst tækifæri til að lesa 7 norrænar sögur sem gera norrænt samstarf áþreifanlegt, hver á sinn hátt. Fyrir fróðleiksfúsa lesendur en einnig þátttakendur í norrænu samstarfi sem vinna að því að gera samstarfið enn meira viðkomandi.

Njótið lestursins!



HVAÐ UM BÓKMENNTVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS?

– ÞÚ ÞEKKIR VÆNTANLEGA BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS?

EFTIR AÐ Hafa sagt frá Vegabréfasambandinu, Umhverfismerkinu Svaninum og Nánum Tengslum Norrænu Þjóðanna hefði mátt búast við hrósi af hálfu blaðamannsins Michael Angele frá Þýska Menningartímaritinu Der Freitag, en ekkert bólaði á slíku.

Það var ekki síst með það í huga að samtalið fór fram – að uppskera viðurkenningu og fá staðfest að hann kannaðist við þetta allt saman. Samtal við utanaðkomandi aðila erlendis frá sem hefði örugglega tekið eftir umsvifum Norðurlanda og léki forvitni á að vita meira. Eitthvað sem hönd væri á festandi.

Michael Angele hlustaði kurteislega á afrekssögur úr norrænu samstarfi en sýndi fyrst svipbrigði þegar spurningin var borin fram.

– Jú, bókmenntaverðlaunin, að sjálf-sögðu þekki ég þau. Peningaupphæðin

kemst að vísu ekki í hálfkvisti við önnur bókmenntaverðlaun í Evrópu og Bandaríkjunum. En sú staðreynd að fimm lönd hafi komið sér saman um að verja opinberu menningarfé í bókmenntaverðlaun, hún á sér enga hliðstæðu. Það getur verið erfitt fyrir utanaðkomandi að átta sig á því en samt er það kannski þetta sem gerir viðurkenninguna meiri, bæði í heimi bókmenntanna og meðal almennings, segir Michael Angele.

Loksins kom að einhverju sem hann kannaðist við og aðdáunin leyndi sér ekki. Það var þegar talið barst að einu helsta tákni norræns menningar-

samstarfs, bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Um þessar mundir er hálfri aldar afmæli verðlaunanna fagnað. Hvort sem menn eru norrænt þenkjandi eða ekki eru það þessi verðlaun sem flestir tengja við norrænt samstarf. Eða það sem þeim dettur fyrst í hug þegar þeir eru spurðir um Norðurlandaráð og norrænt samstarf. En af hverju skyldu bókmenntaverðlaunin koma fyrst upp í hugann, ein táknrænasta mynd samstarfsins?

Kannski vegna þess að þau tengja hið raunhæfa og táknræna, hið pólitíska og alþýðlega, eitthvað sem fólk kannast við. Það eykur gildi þeirra í huga almennings og hjá nor-

rænu þjóðarsálinni. Það sem skiptir einstaklinginn verulegu máli er einnig hægt að skoða í stærra samhengi, bæði listrænu og pólitísku.

Kannski er það vegna þess að verðlaunin – viðurkenningin – ná utan um allt. Allt það erfiða eins og að setja orð, myndir eða hljóð á það að vera Norðurlandabúi, hvort sem er almennur borgari eða listamaður á Norðurlöndum.

Danski rithöfundurinn Naja Marie Aidt hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008 fyrir verk sitt, *Bavían*:

– *Bavían* fjallar um það að vera manneskja á Norðurlöndum

og allt sem því fylgir. Þess vegna er ég svo ánægð að taka á móti bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs í dag. Það er mikill heiður og ólýsanleg gleði.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs eru viðurkenning á listrænni upplifun og miðlun á sjálfsmynd Norðurlandabúa. Sama á við um önnur menningarverðlaun Norðurlandaráðs, kvikmyndaverðlaunin og tónlistarverðlaunin. Sú staðreynd að pólitískur ásetningur fimm landa liggur til grundvallar verðlaununum er kannski einmitt það sem þýska blaðamanninum fannst svo merkilegt. Ásetningur sem



ber vitni um mikinn metnað af hálfu allra landanna fimm:

– Menningarpólitískt markmið bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs er að vekja áhuga á bókmenntum og tungumálum grannþjóðanna og sameiginlegri menningu Norðurlandþjóða.

Þannig var komist að orði við stofnun verðlaunanna fyrir hálfri öld og þau orð standa óbreytt. Eitt er öruggt og það er að norrænir rithöfundar og bókmenntafræðingar hampa oft bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs og telja þau koma næst á eftir Nóbelsverðlaununum sem helsta og merkasta viðurkenning sem norrænum

skáldum getur hlotnast. Enginn vafi leikur á því að bókmenntaverðlaunin gefa blaðamönnum, álitsgjöfum og bókmenntagagnrýnendum tilefni til að vekja athygli á norrænum bókmenntum.

Íslenski rithöfundurinn Gyrðir Elíasson hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu 2011. Þakkarræða hans bar í senn vitni um auðmýkt og stolt:

– Ég held að enginn höfundur skrifi til þess að vinna til verðlauna. Flestir skrifa líklega meðvitað eða ómeðvitað eftir mottói Ralph Waldo Emersons, að það að hafa unnið verkið séu næg verðlaun í sjálfu sér. Hvað sem því

líður er það með gleði sem ég tek við þessum verðlaunum hér í dag. Starf rithöfundarins er einmanalegt, sagði Gyrðir Elíasson.

Hvað sem pólitíkinni líður þá skipta verðlaunin – viðurkenningin – miklu máli. Verðlaunin eru afhent og við þeim er tekið svo athygli vekur bæði á Norðurlöndum og utan þeirra, meðal listafólks og okkar, allra hinna. Athygli listafólks og stjórnámálanna nýtist til þess að kynna sjálfsmynd okkar úti í hinum stóra heimi.

FRÓÐLEIKSMOLAR




Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs eru mesta viðurkenning sem veitt er fyrir fagur-bókmenntir á Norðurlöndum. Bókmenntaverðlaunin eru elst af fjórum verðlaunum Norðurlandaráðs og voru afhent í fyrsta sinn 1962.

Verðlaunin eru veitt skáldverki sem ritað er á Norðurlandamáli. Það getur verið skáldsaga, leikverk eða ljóða-, smásagna- eða ritgerðasafn sem uppfyllir strangar kröfur um bókmenntalegt og listrænt gildi. Markmiðið með verðlaununum er að vekja áhuga á bókmenntum og tungumálum grannþjóðanna sem og menningarlegri samkennd þeirra.

Virtir rithöfundar á við Sofi Oksanen, Lars Saabye Christensen, Sjón, Naja Marie Aidt, Per Petterson og Kerstin Ekman hafa hlotið verðlaunin. Öll njóta þessi skáld viðurkenningar víða um heim og með verkum sínum hafa þau átt þátt í að vekja áhuga umheimsins á bókmenntum Norðurlanda.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs nema 350.000 DKK og eru þau afhent á árlegum þingum Norðurlandaráðs um leið og önnur verðlaun ráðsins, þ.e. tónlistarverðlaunin, kvikmyndaverðlaunin og umhverfisverðlaunin.





SMITANDI GOTT FORDÆMI

PEKINGHÆNA ER MEÐ FLENSU OG SMITAR EIGANDA SINN.

HÆNSNABÓNDINN TEKUR Í HÖNDINA Á NORRÆNUM BLAÐAMANNI

OG SÁ SMITAR SESSUNAUTA SÍNA Á LEIÐinni HEIM ... FÆSTIR KIPPA

SÉR UPP VIÐ VÆGA FLENSUFARALDRA EN Á NOKKURRA ÁRA FRESTI

BRJÓTAST ÚT ÞUNGAR FARSÓTTIR. GÓÐAR VIÐBRAGÐSÁETLANIR KALLA

Á ÞVERFAGLEGT SAMSTARF OG HEILDRÆNA SÝN RÁÐAMANNA.

Norðurlönd hafa sýnt gott fordæmi í alþjóðlegu samstarfi um sóttvarnir og viðbrögð við smitandi sjúkdómum.

Það á bæði við um sameiginleg viðbrögð en einnig um það hvernig aðgerðir eru fjármagnaðar, segir Henrik Wegener, aðstoðarrektror Tækniháskóla Danmerkur (DTU).

– Það dugur ekki að fjárfesta fyrst þegar vandamálín koma upp. Heilbrigði almennings á að vera málefni heilbrigðisráðuneyta en einnig ráðuneyta sem fara með landbúnað, umhverfismál og matvælamál. Verkaskiptingin á Norðurlöndum er ekki eins skörp og víða annars staðar. Á tíunda áratug síðustu aldar fóru landbúnaðarráðuneytin einnig

að fjalla um umhverfis- og heilbrigðismál, segir Henrik Wegener.

Heilsufar í heimsþorpinu

Wegener fær lánaðan læknaslopp hjá vinnufélaga sínum meðan hann sýnir okkur tilraunastofurnar í DTU þar sem hann var kjörinn aðstoðarrektror í nóvember s.l. Hann hefur mikla reynslu af matvælaöryggi og sat í sérfræðingahópi Norðurlandaráðs sem var falið að meta norrænar aðgerðir í heilbrigðismálum og hvernig hægt sé að beita hnattrænni nálgun sem nefnd er One Health. One Health-nálgunin felst í því að skoða heilbrigði manna og dýra í ljósi umhverfisins sem þau lifa í. Hún byggir á þverfaglegri hugsun og því telur Henrik Wegener

mikinn styrk í norrænum tengslanetum.

– Norrænu löndin gripu hvert um sig til aðgerða í anda One Health-nálgunarinnar. Rannsókn okkar beindist því að allri landbúnaðarframleiðslu, matvælaframleiðslu og öllum almenningi. Gögn okkar spanna því allt frá bóndanum á borðið og við getum tengt þau saman við önnur gögn úr öðrum greinum – það í sjálfu sér á sér enga hliðstæðu, segir Wegener.

Sérstaða Norðurlanda er að mati Henrik Wegener sú að við viðurkennum vandann og leitum að rót hans. Yfirvöld bregðist við og leiti lausna í samstarfi við einkageirann. Brýnna aðgerða sé þörf í baráttunni gegn bakteríum sem eru komnar með aukid þol gegn sýklalyfjum. Í því sambandi vekji Norðurlöndin athygli vegna aðhaldssemi í notkun sýklalyfja.

– Norðurlönd voru fyrst ríkja til að stöðva notkun vaxtarhvetjandi sýklalyfja. Nú viljum við undirbúa jarðvegin fyrir ábyrgari notkun sýklalyfja fyrir húsdýr. Okkur þykir sjálfsgagt að ræða ábyrgð vegna þess að við eigum samskipti við eftirlitsyfirvöld. Í Banda-

ríkjunum hins vegar veigra menn sér við að ræða um ábyrgð því eftirlit er viðkvæmt mál sem menn telja verk Stóra bróður.

Þörf á þvervísindalegum rannsóknum

Björn Olsen, prófessor í smitsjúkdómum við háskólann í Uppsöllum, telur þörf á þvervísindalegri þekkingu og vill efla samstarf um lýðheilsurannsóknir.

– Með samstarfinu hefur t.d. verið safnað gögnum um þol gegn sýklalyfjum sem við höfum aðgang að á öllum Norðurlöndum. Yfirvöld skiptast á upplýsingum en ekki er unnin bein greiningarvinna á þeirra vegum. Ég gæti óskað mér mun öflugra rannsóknasamstarf landanna á því sviði, segir Olsen en hann er í sama sérfræðingahópi og Henrik Wegener.

– Á Norðurlöndum höfum við heildræna sýn á þol gegn sýklalyfjum. Við ræðum einnig markaðssjónarmið. Mikið magn af sýklalyfjum er framleitt í þróunarlöndum þar sem regluverkið er veikt og leiðir til mikillar ofnotkunar á lyfjunum. Því er brýnt að skoða vandann í víðu samhengi – þol gegn

sýklalyfjum í Indlandi getur hæglega orðið vandamál einnig á Norðurlöndum, segir Björn Olsen.

Draumsýn: Samkomulag ESB og Bandaríkjanna

Aðgerðir gegn sýklalyfjapoli eru ofarlega á baugi í formennsku Dana í ESB á fyrri hluta ársins 2012. Henrik Wegener er vongóður um að samkomulag náist innan ESB um eftirlit með notkun sýklalyfja.

– Fyrst þarf að bera saman gögn frá aðildarríkjunum og ræða síðan saman út frá því, segir Wegener og lýsir framtíðarsýn sinni:

- Bandaríkjamenn nota helmingi meira magn af sýklalyfjum á hvert kíló af framleiddu kjöti en í þeim Evrópulöndum þar sem notkunin er mest. Ef Evrópa og Bandaríkin næðu samkomulagi um hámarksnotkun yrði það til eftirbreytni í öllum heiminum.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Hugtakið One Health felur í sér viðurkenningu á því að samband sé á milli sjúkdóma og heilsu manna og dýra og þess umhverfis sem þau lifa í. Í samnefndri alþjóðlegri áætlun er stuðst við heildræn sjónarmið til þess að greina upptök og útbreiðslu smitandi sjúkdóma.

Borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs skipaði á árinu 2011 starfshóp sem ætlað var að fá mat sérfræðinga á helstu faglegu og pólitísku þáttum sem varða fjölonæmi og One Health. Starfshópurinn lagði fram tillögur um þessi atriði í formennskuáætlun Dana í ESB.

Smit milli manna og dýra: Bakteríusmit, þar á meðal salmónella, berst með matvælum milli manna og dýra.



– ÁSKORUNIN FELST Í GÍFURLEGUM FJÁRHAGSLEGUM HAGSMUNUM ÞVÍ MIKLIR FJÁRMUNIR ERU Í HÚFI BÆÐI VIÐ FRAMLEIÐSLU LYFJA OG ELDI HÚSDÝRA. LYF ERU EKKI EINUNGIS NOTUÐ VIÐ SJÚKDÓMUM HELDUR EINNIG TIL AÐ AUKA FRAMLEIÐSLU OG ÞAÐ ER VANDAMÁL. ÞAÐ ER ÓÁSÆTTANLEGT AÐ SÝKLALYF SÉU NOTUÐ TIL ANNARS EN SÓTTVARNA.

Martin Kolberg (þingmaður frá Noregi), fulltrúi í borgara- og neytendanevnd Norðurlandaráðs

– MIKLIR HAGSMUNIR ERU Í HÚFI, EINNIG EFNAHAGSLEGIR, EF VIÐ SLEPPUM BAKTERÍUM SEM Hafa ÞOL GEGN SÝKLALYFJUM ÚT Í UMHVERFIÐ. VANDINN ER HNATTRÆNN OG VIÐ GETUM NÝTT OKKUR GÓÐA REYNSLU NORÐURLANDA ÞEGAR VIÐ SETJUM ÞOL GEGN SÝKLALYFJUM Á DAGSKRÁ ESB MEÐAN DANIR GEGNA ÞAR FORMENNSKU.

Mette Gjerskov, matvæla-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra Danmerkur

ORKUSVEITARFÉLÖG – hvatning á Norðurlöndum og víðar



**SVEITARFÉLAGIÐ ALBERTSLUND VESTUR AF
KAUPMANNAHÖFN HLAUT TITILINN NORRÆNT
ORKUSVEITARFÉLAG Á ÁRINU 2011 EN VERKEFNINU ER
ÞÓ ENGAN VEGINN LOKIÐ. ÞAU MÖRGU SVEITARFÉLÖG
SEM TÓKU ÞÁTT Í KEPPNINNI BÚA YFIR REYNSLU OG
LAUSNUM SEM EIGA ERINDI VÍÐAR UM HEIM.**

Það er óvenju gestkvæmt hjá hinum 64 þúsund íbúum norska sveitarfélagsins Drammen, suðaustur af Ósló. Sveitarfélagið, sem er á austurströnd Noregs, hefur vakið athygli fyrir að nota orkukerfi án jarðefnaeldsneytis og Marienlyst skólinn er sá fyrsti í Noregi sem er til húsa í svonefndu hlutlausu húsnæði – byggingu þar sem sjálfbærni er í öndvegi og orkuneysla í lágmarki.


– Hingað koma margir gestir annars staðar af landinu og einnig frá útlöndum. Það er fyrst og fremst skólinn sem vekur forvitni þeirra, segir Geir Andersen, yfirmaður tæknisviðs sveitarfélagsins.

Gestirnir vilja fræðast um þær

tæknilausnir sem hafa gert skól-
anum kleift að vera næstum
sjálfbjarga í orkumálum. Á sumrin
má segja að skólinn sé hitaveita
því hitalagnir í gólfum flytja varma
til útisundlaugarinnar Drammens-
badet í nágrenninu en laugin er sú
stærsta sinnar tegundar í Noregi.

Drammen var í hópi þeirra
fjórtán sveitarfélaga sem tilnefnd
voru til keppinnar Norrænt orku-
sveitarfélag 2011. Öll hafa þau rutt
brautina með sérstökum úrræðum
í orkumálum. Drammen er ekki
eina sveitarfélagið sem vakið hefur
alþjóðlega athygli. Mörg þeirra 44
sveitarfélaga sem skráðu sig í
keppnina hafa skynjað mikinn
áhuga – hjá öðrum norrænum

3980



sveitarfélögum en einnig víðar í Evrópu sem og á öðrum stöðum og í fyrirtækjum þar sem fólk vill fræðast meira um norrænu verkefni.

Á heimsmaelikvarða

Sveitarfélagið Albertslund vann norrænu keppnina fyrir svokallaða Albertslundslausn sem felst í því að endurbyggja hús sem fyrir eru í sveitarfélaginu með orkunýtni að leiðarljósi. Þar er aðallega um að ræða einingahús frá 7. og 8. áratug síðustu aldar. Verkefninu var ætlað að þróa og sýna hvernig nýta má staðlaðar orkulausnir við breytingar á húsum.

Verkefnið í Drammen hlaut einnig hrós dómnefndar sem og verkefni í Lidköping í Svíþjóð sem snerist um nýtingu á úrgangi og hlaut það sérstaka viðurkenningu dómnefndar.

– Á Norðurlöndum er lögð mikil áhersla á grænt hagkerfi og á því sviði getum við orðið í fararbroddi í heiminum. Í grænu hagkerfi skapast ný störf, það bætir umhverfið og veitir okkur gott forskot í alþjóðlegri samkeppni, sagði Jyrki Katainen, forsætisráðherra Finnlands, þegar hann afhenti verðlaunin á fundi norrænu forsætisráðherranna í Kaupmannahöfn í október á árinu sem leið.

Danir og Finnar gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árunum 2010 og 2011 og stýrðu á þeim tíma norræna orkuverkefninu. Orkustofnun Danmerkur og atvinnu- og efnahagsráðuneytið í

Finnlandi sáu um framkvæmd keppinnar.

– Við á Norðurlöndum erum dugleg við að undirbúa okkur fyrir framtíðina og hagnýta auðlindir á heimavelli þannig að hagvöxtur njóti góðs af, segir Vivi Yieng Kow, sérfræðingur í Orkustofnuninni sem heyrir undir danska loftslags-, orku, og húsnæðismálaráðuneytið.

Norræn fjölbreytni

Í úrskurði dómnefndar, undir formennsku Marie Donnelly frá framkvæmdastjórn ESB, kom fram að hugmyndaauðgi Norðurlandabúa væri mikil og fjölbreytt og tekur Vivi Yieng Kow undir það.

– Verkefni sveitarfélaganna sýna okkur mjög ólíkar og fjölbreyttar skapandi lausnir, segir hún.

Vivi Yieng Kow bendir á að staðhættir séu ólíkir á Norðurlöndum.

– Ef við tökum Danmörku sem dæmi þá er áberandi munur á vesturströnd Jótlands og Borgundarhólmi. Auðlindir eru mjög ólíkar eftir stöðum en samt eigum við margt sameiginlegt. Við nálgumst vandamál á svipaðan hátt og vinnum vel saman, segir hún.

Hún nefnir að tekist hafi að laða fram margar hugmyndir og verkefni á Norðurlöndum um nýtingu auðlinda á hverjum stað. Til dæmis fólst verkefni í Gautaborg í því að nýta járnbrautarlestir betur til vöruflutninga.

– Ótal dæmum um verkefni er hægt að safna saman í hefti til að gefa öðrum hugmyndir og hvetja til

nýrra verkefna sem bæta loftgæði og stuðla að uppbyggingu atvinnulífs í heimabyggð. Verkefnið hefur gefið það góða raun að við stefnum að því að halda áfram með það, bætir sérfræðingurinn við.

Út í heim

Nokkrar orku- og loftslagslausnir sveitarfélaganna voru kynntar í tengslum við 17. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP17) sem fram fór í Dúrban í Suður-Afríku í nóvember á liðnu ári. Dansk Arkitekt Center hafði umsjón með norrænni sýningu undir yfirskriftinni Nordic Climate and Energy Solutions/ Sharing Nordic Solutions.

Sýningunni var ætlað að vekja athygli á Norðurlöndum sem heild þar sem unnið er markvisst að því að löndin verði óháð jarðefnaeldsneyti jafnframt því að draga úr losun koltvísyrings og nýta nýsköpunartækni til að örva grænan hagvöxt.

– Sýningin á loftslagsráðstefnunni vakti mikla athygli. Þar öðluðumst við reynslu sem mun nýtast okkur við frekari markaðssetningu, segir Vivi Yieng Kow.

Hún segir að hugmyndin sé að gera lausnir og niðurstöður verkefna aðgengilegar á Norðurlöndum og víðar.

– Nú er stefnt að því að ná til fyrirtækja, yfirvalda og hópa sem vinna að því að þróa sjálfbærar lausnir, segir Vivi Yieng Kow.

Sjá nánar á slóðinni:

www.nordiskenergikommune.org





NÝ NORRÆN MATARGERÐ – í utanríkisþjónustu

NORRÆNU MATVÆLARÁÐHERRARNIR SAMÞYKKTU ÁRÓSAFYRILÝSINGUNA UM NÝJA NORRÆNA MATARGERÐ ÁRIÐ 2005. SÍÐAN HEFUR VERIÐ UNNIÐ AÐ MÖRGUM VERKEFNUM Á VEGUM NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR. VERKEFNIN Hafa ÁTT SINN ÞÁTT Í ÞEIRRI VELGENNI SEM HREYFINGIN NÝ NORRÆN MATARGERÐ NÝTUR Á ÝMSUM SVIÐUM Á NORÐURLÖNDUM SEM OG ÚTI Í HINUM STÓRA HEIMI. NÝJAST AF NÁLINNI ER VERKEFNIÐ NORDIC FOOD DIPLOMACY EN MEÐ ÞVÍ ER ÁTT VIÐ MAT SEM BER VITNI UM NORRÆNA MENNINGU OG SÝN Á NÁTTÚRU OG SAMFÉLAG.

Norræn sendiráð geta nú tekið þátt í að breiða út Nýja norræna matargerð í tengslum við landkynningarstarf.

Nordic Food Diplomacy er nýtt verkfæri til þess að miðla norrænum gildum með matvælum og máltíðum. Norræna ráðherranefndin stefnir að því að norrænn matur verði liður í menningarlegri ímynd Norðurlanda til jafns á við tónlist, myndlist, fyrirlestra, sviðslistir og sýningar af ýmsu tagi.

Þemamáltíðin Selma

Charlotta Ranert er verkefnisstjóri Nýrrar norrænnar matargerðar hjá Norrænu ráðherranefndinni en hlutverk hennar er að aðstoða diplómata með

því að miðla hugmyndum og leiðbeina þeim í Nordic Food Diplomacy. Eitt verkefna hennar er að útbúa verkfærakassa sem verður að finna á netinu.

— Í verkfærakassanum verða leiðbeiningar frá A til Ö þannig að með því að fylgja ráðum okkar á netinu ættu allir að geta efnt til viðburða með matinn í öndvegi. Meðal annars má finna ráð varðandi boðskort, undirbúning, hráefni og hvernig njóta megi máltíðarinnar en einnig hugmyndir um þemamáltíðir í anda Nýrrar norrænnar matargerðar. Sem dæmi um þema má nefna skáld eins og Selmu Lagerlöf og H.C. Andersen en þemu geta einnig ráðist af hráefnum sem tengjast löndum, landshlutum eða stöðum eða jafnvel árstíðum.

— Þar verður líka að finna uppskriftir að nýjum norrænum réttum, segir Charlotta Ranert.

— Verkefni mitt felst í því að búa til nothæf verkfæri og þróa nýskapandi hugmyndir sem utanríkisþjónustan, útflutningsráð og diplómatar geta nýtt sér. Síðar geta aðrar stofnanir og fyrirtæki sem vinna með matvæli og máltíðir erlendis sótt þangað ráð og hugmyndir, bætir hún við.

Norrænn matur á kvikmynda-hátíðinni í Cannes

Verkefnið hófst á haustdögum 2011 og lýkur á árinu 2012 eða þegar annað verður ákveðið. Norrænir kokkar og frægir matgæðingar eru í ráðgjafarhópi verkefnisins. Fjölmörg viðtöl hafa verið tekin við kokka og starfsfólk norrænna sendiráða í því skyni að kanna þörfina og sóknarfæri en einnig til að sækja hugmyndir í verkfærakassa Nordic Food Diplomacy.

Tveimur tilraunaverkefnum á vegum Nordic Food Diplomacy hefur verið ýtt úr vör. Í samstarfi

við Norrænu tölvuleikjaáætlunina verður norrænn matarviðburður á Game Developers Conference í San Fransískó vorið 2012. Þar á að hanna nýjan norrænan tölvumat sem hentar niðursokknum nördum sem borða með annarri hendi meðan þeir liggja yfir tölvuleikjum. Á Norræna loftslagsdeginum notaði Norræna ráðherranefndin Nýja norræna matargerð til að fá börn og ungmenni til að þróa og koma með hugmyndir um holla skyndibita.

Í aðdraganda ráðstefnunnar í San Fransískó er efnt til keppni í Nordic Game Jam um að semja tölvuleik um norræna matargerð.

Hitt tilraunaverkefnið er unnið í samstarfi við Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn í tengslum við kvikmyndahátíðina í Cannes í maí 2012.

Siðlegt og einfalt

Í öllum verkefnum er lögð áhersla á að norræn matargerð sé hrein, fersk, einföld og siðleg. Enda eru gildin að baki hennar sjálfbær lífsstíll, virðing fyrir náttúrunni og auðlindum hennar, siðfræði

dýravelferðar, nýtni við skiptingu auðlindanna og góð vinnuskilyrði og ráðningarkjör.

Charlotte Ranert telur mikilvægt að benda á að utanríkisþjónustan þurfi að sjálfsögðu ekki alltaf að flytja út matvæli og máltíðir. Engin ástæða sé til að fljúga eða sigla með norræn hráefni heimsálfanna á milli til þess að vinna í anda Nordic Food Diplomacy. Alveg eins megji nota hráefni frá þeirri heimabyggð þar sem maturinn er borinn fram því hið staðbundna sé einmitt mikilvægt atriði í Nýrri norrænni matargerð.

— Nordic Food Diplomacy má nota til að segja sögur og hægt er að miðla boðskap með norrænni matargerð og einstökum gildum hennar. Nordic Food Diplomacy á heima á alls konar norrænum fundum, í móttökum, á kaupstefnum, menningarsamkomum, vörukynningum og á ýmsum öðrum viðburðum. Hugmyndin á einnig erindi við Norðurlönd. Í Nordic Food Diplomacy er máltíðin sýnilegur hluti af samkomunni sem magnar upplifunina og undirstrikar málefni dagsins, segir Charlotta Ranert.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Nordic Food Diplomacy – tillögur

- Matvæli og máltíðir á fundum á Norðurlöndum skulu endurspeglar staðsetningu og árstíð þegar fundur fer fram svo og önnur gildi norrænnar matargerðar.
- Matvæli og máltíðir á viðburðum erlendis skulu miðla tilteknum boðskap frá Norðurlöndum.
- Hráefni í öllum máltíðum skulu framleidd á sjálfbæran hátt.
- Matvæli og máltíðir skulu sækja hugmyndir í hefðbundna norræna matargerð en einnig skapaðar á nýjum forsendum og byggja á nýstárlegri hugsun.
- Matvæli og máltíðir skulu hannaðar í samstarfi við menningargeirann.
- Matvæli og máltíðir á öllum norrænum fundum og viðburðum skulu vera ljúffengar, hollar og næringarríkar. Gildi matarins skal verða augljóst og sagan að baki hans á að kveikja áhuga viðstaddra.



Hver getur notað Nordic Food Diplomacy?

- Sendiráð og ræðismannaskrifstofur
- Verslunarráð
- Útflutningsráð
- Fyrirtæki
- Ferðapjónustan
- Sveitarfélög
- Svæðastofnanir á Norðurlöndum

Nánari upplýsingar um Nordic Food Diplomacy má finna á slóðinni: www.nynordiskmad.org/tema

Verkefnisstjóri er Charlotta Ranert
Netfang: charlotta@charlottaranert.se

RANNSÓKNASAMSTARF Í ÞÁGU LÝÐRÆÐIS

**MYNDUN TENGLANETA OG MIÐLUN ÞEKkingAR MEÐAL
HVÍTRÚSSNESKRA OG EVRÓPSKRA FRÆÐIMANNA ERU MIKILVÆG
FYRIR LÝÐRÆÐISPRÓUN Í HVÍTA-RÚSSLANDI. NORRÆNT VERKEFNI
SEM VEITIR STYRKI TIL ÓHÁÐRA FÉLAGASAMTAKA GERIR ÞETTA
KLEIFT.**

Styrkjaverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir óháð félagasamtök tengir unga fræðimenn frá Hvíta-Rússlandi við erlenda sérfræðingahópa. Verkefnið „Enhancing research centers’ activities in Belarus“ gerði tíu fræðimönnum kleift að fara í þjálfun hjá evrópskum sérfræðingahópum á árinu 2011.

Verkefninu er einkum ætlað að hvetja til samvinnu hvítrússneskra og erlendra sérfræðingahópa og efla tengsl hvítrússneskra fræðimanna við óháð rannsóknahverfi í Evrópu, einkum í stjórnmálafræði.

Miðlun þekkingar um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi

Ahniya Asanovich er einn þeirra hvítrússnesku fræðimanna sem naut vísindabjálfunar á árinu 2011. Dvöl hennar hjá NUPI, norsku utanríkis-málastofnuninni, varð til þess að hún tengdist hópi fræðimanna og stjórnmálarýna.

– Mér finnst ég geta látið reyna á þekkingu mína í verki, ég hef tamið mér sveigjanleika og get brugðist við faglegum áskorunum. Mér hefur einnig tekist að efla skipulagshæfileika mína. Ég tók þátt í ráðstefnum og hringborðsumræðum á vegum NUPI þar sem ég miðlaði markvisst af





þekkingu minni á stöðu mála í Hvíta-Rússlandi, segir Ahniya Asanovich.

Hún stundaði áður nám við hvítúrússneska útlagaháskólann European Humanities University sem Norræna ráðherranefndin styrkir.

Tengslanet NUPI-stofnunarinnar nutu góðs af dvöl hennar.

– Við hyggjumst halda áfram þátttöku í svipuðum verkefnum til að þess að byggja upp tengslanet á þessu svæði til framtíðar, segir Helge Blakkisrud, deildarstjóri hjá NUPI.

Lýðræðisþróun

Ein af forsendum þess að stuðla megi að lýðræðisþróun í Hvíta-Rússlandi til framtíðar er að efla rannsóknaumhverfi þar í landi.

– Í sérfræðingahópum og rannsóknaumhverfi er hægt að þróa frjálsa og betri orðræðu um pólitísk málefni. Þar er hægt að þróa nýjar hugmyndir

um stjórnun, þróun og framtíðarsýn fyrir Hvíta-Rússland á meðan beðið er eftir óumflýjanlegum umbótum, segir Justinas Pimpe, yfirmaður Eastern Europe Studies Centre (EESC). EESC eru óháð félagasamtök í Litháen sem vinna að því að byggja upp borgaralegt samfélag og efla lýðræði í Austur-Evrópu.

Verkefnið hefur gefið góða raun. Það hefur ekki aðeins aukið færni og þekkingu hvítúrússneskra fræðimanna heldur einnig átt þátt í að koma ákveðnu skipulagi á meðal þarlandra sérfræðinga og felur meðal annars í sér hvatningu til þeirra um að mynda sérfræðingahópa.

Jarðvegur fyrir ný verkefni

Verkefnið hefur einnig rutt brautina fyrir frekari aðgerðir. EESC nýtir sér reynslu af verkefninu við að undirbúa nýjar aðgerðir til þess að styrkja enn

frekar rannsóknaumhverfi og samfélagslegt lýðræði í Hvíta-Rússlandi.

– Bestu dæmin munu nýtast í nýju verkefni. Við munum leggja áherslu á að virkja og styðja unga og uppenrandi fræðimenn í Hvíta-Rússlandi, m.a. aðferðafræðilega og fjárhagslega, til þess að stunda rannsóknir í fremstu röð, ljúka þeim og kynna fyrir erlendum aðilum, segir Pimpe.

Eastern Europe Studies Centre (EESC) stóð að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins „Enhancing research centers' activities in Belarus“.

EUROPOS HUMANITARINIS
UNIVERSITETAS
EUROPEAN HUMANITIES
UNIVERSITY
ЕУРАПЕЙСКИ ГУМАНІТАРНЫ
УНІВЕРСІТЭТ

UNIVERSITETAS
AVIMO
TAS





SENN ER FOKIÐ Í FLEST SKATTASKJÓL

NORRÆNU ÞJÓÐIRNAR HÓFU MEÐ SÉR EINSTAKT SAMSTARF Á ÁRINU 2007 OG ERU NÚ Í BRODDI FYLKINGAR GEGN SKATTAFLÓTTA Í HEIMINUM. ÞÆR HAFU NÚ UNDIRRITAÐ HVERN SAMNINGINN Á FÆTUR ÖÐRUM VIÐ SVONEFND SKATTASKJÓL. SAMNINGARNIR VEITA LÖNDUNUM AÐGANG AÐ UPPLÝSINGUM UM EINSTAKLINGA SEM HAFU SKOTIÐ FÉ UNÐAN SKATTI SEM RÉTTILEGA ER EIGN ALMENNINGS Á NORÐURLÖNDUM. ÁRANGURINN ER ÓÐUM AÐ KOMA Í LJÓS ÞVÍ MILLJARÐAR HAFU ÞEGAR VERIÐ GREIDDIR Í RÍKISSJÓÐI LANDANNA. NORÐURLANDAÞJÓÐUNUM HEFUR TEKIST AÐ SNÚA VÖRN Í SÓKN.

Á hverju ári verða iðnríki og þróunarríki af skattatekjum vegna skattsvika sem nema mörgum milljörðum. Samviskulausir einstaklingar og fyrirtæki fela tekjur sínar og eignir í skattaskjólum og skjóta þannig ólöglega undan skattskyldu fé sem annars hefði gagnað samfélaginu öllu. Fé sem væri vel þegið í opinberum rekstri og velferðarþjónustu en gæti einnig nýst til að efla samkeppnisstöðu landanna og frjálsa verslun í heiminum. Fé sem kæmi sér vel til að bregðast við neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og ekki síður til að efla hagkerfi þróunarríkja.

– Umheimurinn lítur oft til þess fordæmis sem Norðurlönd hafa skapað með því að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti enda eru þau í fararbroddi í baráttunni gegn skattaflóttu. Stefnt er að því að ná samningum hið fyrsta við öll ríki þar sem bankaleynd ríkir, segir Torsten Fensby, verkefnisstjóri hjá Norrænu ráðherranefndinni, en hann hefur ferðast vítt og breitt um heiminn til að ryðja brautina fyrir samningaviðræður.

Verkefninu lýkur sumarið 2012 en yfirvöld landanna hyggjast þó halda samstarfinu áfram. Gert er ráð fyrir að um fjörutíu samningum verði þá náð. Fyrsti samningurinn var undirritaður



á árinu 2007 og hafa margir þegar öðlast gildi. Vakni grunur yfirvalda um að ekki sé allt með felldu geta þau fengið aðgang að bankaskrám í öðrum löndum og nálgast upplýsingar um aðila sem fela þar fjármuni sem þeir hafa skotið undan skatti. Þannig gefst skattayfirvöldum einstakt tækifæri til að afla sér verðmætra upplýsinga enda hefur árangurinn ekki látið á sér standa.

Bein áhrif eru þegar komin í ljós. Sumir hafa neyðst til að greiða ógoldna skatta og gjöld en aðrir hafa brugðist við af fúsum og frjálsum vilja. Milljarðar króna hafa komið í leitirnar og vænta skattayfirvöld þess að upphæðirnar eigi enn eftir að hækka. Yfirvöld verða

einnig vör við óbein áhrif þar sem greiðslustreymi til ákveðinna landa hefur orðið sýnilegra á síðari árum. Samningarnar hafa forvarnargildi því ætla má að þeir dragi kjark úr fólki sem dreymir um að skjóta fé undan skatti.

Þörf á alþjóðlegum þrýstingi – Norðurlönd vísa veginn

G20-ríkin lyftu grettistaki á árinu 2009 með það fyrir augum að stöðva skattaflóttu og hafa þau þrýst á yfirvöld í a.m.k. tólf skattaskjólum um að undirrita samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti. Auðugri lönd heims njóta góðs af enda er samningsstaða þeirra sterk. Það styrkir samningsstöðu norrænu landanna að skatta-

skjólin sjá sér hag í að með því að semja þannig við sjö lönd í einu lagi (Norðurlönd að Álandseyjum undanskildum). Flestir eru sammála um að grípa þurfi til hnattrænna aðgerða til að stöðva undanskot frá skatti, auka gagnsæi og efla samstarf skattayfirvalda.

– Við erum að sjálfsögðu þakklát G20-ríkjunum fyrir framtak þeirra en það þarf að stórauка þrýsting um allan heim til þess að öll lönd, einnig þróunarríkin, geti spornað markvisst við alþjóðlegum skattaflóttu. Þá fyrst verður hægt að tala um að tekist hafi að snúa hnattrænni vörn í sókn, segir Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þegar fjármálakreppan skall á í



heiminum fóru menn að efast um gildi gamalla fjármálastofnana auk þess sem traust til fjármálamarkaða beið alvarlega hnekki. Framkvæmdastjórinn telur að fleiri lönd verði að beita sér í baráttunni gegn skattaflótta.

– Fleiri ríki verða að bregðast harðar við gömlum og úreltum kerfum sem gera alþjóðlegan skattaflótta mögulegan. Einnig er nauðsynlegt að skerpa kröfur um hreinskiptni og gagnsæi - ekki síst að afnema bankaleynd. Þannig má skapa forsendur til þess að hægt verði að endurheimta traust manna á fjármálakerfinu, segir Halldór.

Aðgerðir gegn skattaflótta sem G20-ríkin komu sér saman um á árinu

2009 voru skref í rétta átt, að mati framkvæmdastjórans, en betur má ef duga skal. Ríkin sem sitja umhverfis borðið þurfi að sanna forystuhæfileika sína og grípa til enn stórtækari aðgerða gegn hnattrænum skattaflótta þannig að ferlið gagnist ekki eingöngu örfáum auðugum löndum heldur öllum löndum heims – ríkum sem fátækum.

Norðurlönd hvika hvergi. Dagar skattaflótta eru senn taldir.

LOFTSLAGSAÐGERÐIR OG ÞRÓUNARAÐSTOÐ EIGA SAMLEIÐ

**NORRÆNU FORSÆTISRÁÐHERRARNIR TELJA MIKILVÆGT AÐ LÖNDIN TAKI
HÖNDUM SAMAN UM AÐ EFLA GRÆNAN HAGVÖXT. Í ÞVÍ TILLITI MÁ NEFNA
HNATTRÆNAR AÐGERÐIR SEM STYÐJA VIÐ UMHVERFISVÆNA ÞRÓUN Í
FÁTÆKUSTU LÖNDUM HEIMS. NORRÆNI LOFTSLAGSSJÓÐURINN VEITIR
ÞRÓUNARAÐSTOÐ TIL LOFTSLAGS- OG UMHVERFISVERKEFNA.**

Norrænu forsætisráðherra-
arnir kynntu framtíðar-
skýrsluna „Norðurlönd
– leiðandi í grænum hagvexti“ í
nóvember 2011. Stefnt er að því að
efla norrænt samstarf um orkunýtni,
sköpun endurnýjanlegrar orku, að
styrkja umhverfisvitund og almennt
að auka nýsköpun og rannsóknir.

Sameiginleg framtíðarsýn
þjóðanna felst meðal annars í því
að „auka samþættingu umhverfis-
og loftslagssjónarmiða í þróunar-
samstarfi“. Starf Norræna loftslags-
sjóðsins (NCF) er skref í þá átt og er
um þessar mundir unnið ötullega að
verkefnum á þessu sviði á vegum
sjóðsins. Sjóðurinn er samstarfs-
verkefni Norræna þróunarsjóðsins
(NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) en með
samstarfinu er leitast við að hækka

framlag Norðurlanda til loftslags-
aðgerða í þróunarlöndum.

Loftslagssjóðurinn styrkir
þróunarverkefni sem hafa burði til
þess að sporna gegn loftslagsbreyt-
ingum í fátækustu ríkjum heims. Í
því felst að miðla tækni, þekkingu
og hugmyndum milli Norðurlanda og
þróunarríkja.

– Með samstarfinu við Norræna
þróunarsjóðinn hefur okkur tekist að
styrkja fjölda nýsköpunarverkefna
á sviði loftslagsmála í þróunar-
löndum, segir Magnus Rystedt,
framkvæmdastjóri Norræna
umhverfisfjármögnunarfélagsins.

Norræni loftslagssjóðurinn
auglýsir eftir verkefnatillögum einu
sinni á ári. 22 verkefni hafa orðið
fyrir valinu enn sem komið er, þar
af fjórtán í fyrstu umferð og átta í
annarri umferð en afgreiðslu er ekki

endanlega lokið. Skilafrestur fyrir til-
lögur í þriðju umferð rann út um miðjan
janúar 2012.

Viðbrögð á Norðurlöndum hafa
farið fram úr björtustu vonum. Fyrsta
árið var lögð áhersla á orkunýtni
og vatnsauðlindir og mörg verkefni
hafa þegar skilað góðum árangri.
Sum þeirra miða að því að aðstoða
íbúa á hverjum stað við að bregðast
við loftslagsbreytingum en markmið
annarra er að draga úr losun gróður-
húsalofttegunda.

Fyrsta árið bárust Norræna loftslags-
sjóðnum 138 tillögur og komust 33
áfram til frekari skoðunar. Af þeim fengu
fjórtán verkefni styrki en samtals hefur
5,5 milljón evra verið úthlutað úr Nor-
ræna loftslagssjóðnum.

– Sérstaða Norræna loftslagssjóðsins
felst í því að með stofnun hans hefur
tekist að leiða saman norræna þekkingu



annars vegar á þróunaraðstoð og hins vegar á umhverfismálum. Með þessu viljum við örva útflutning á norrænni umhverfistækni til þróunarlanda og draga úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á þróun í fátækustu ríkjum heims, segir Helge Semb, framkvæmdastjóri Norræna þróunarsjóðsins.

Norræni loftslagssjóðurinn styrkir nokkur verkefni í Keníu. Þar má nefna nýsköpunartækni til að auka aðgengi að hreinu vatni, byggja upp vökvunarkerfi á hrjóstrugum svæðum, efla sjálfbæran landbúnað og bæta stjórnun á vatnsauðlindum en þær eru af skornum skammti.

– Langvarandi þurrkar í Isiolo-héraðinu í Keníu hafa valdið miklu álagi á vatnsveitur í sveitum þar í landi og neytt íbúana til að draga verulega úr skepnuhaldi. Því hefur skapast óvissa um matvælaframboð og sjúkdómum sem berast með vatni hefur fjölgað, segir í lýsingu á einu af verkefnum Norræna loftslagssjóðsins.

Í samstarfi Rauða krossins í Danmörku og Keníu við danska fyrirtækið Grundfos hefur tekist að tryggja 20 þúsund íbúum á þessu svæði aðgang að hreinni vatni og styrkja vitund þeirra um mikilvægi hreinlætis. Sú nýja tækni sem

notuð er dregur um leið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

LIFELINK er nýstárlegt dælukerfi sem Grundfos hefur þróað og gengur fyrir sólarorku. Vatnsdælan er tengd við tölvustýrt samskipta- og eftirlitskerfi gegnum gervihnött og þannig er hægt að fylgjast með vatnsdælukerfinu úr fjarlægð, segir í lýsingu Norræna loftslagssjóðsins.

Íbúarnir greiða fyrir notkun vatnsins gegnum farsíma en gjöldin eiga að standa straum af kostnaði við rekstur og viðhald kerfisins og umsjón með því. Verkefnið í Keníu sem Norræni loftslagssjóðurinn styrkir hefur byggt níu vatnsdælukerfi af þessu tagi.

– Verkefninu er ætlað að stuðla að uppbyggingu á þurrkasvæðum í Isiolo til þess að íbúarnir verði sjálfir betur í stakk búnir til þess að bregðast við loftslagsbreytingum. Þá eykur verkefnið loftgæði því hin nýja tækni er knúin sólarorku í stað jarðefnaeldsneytis.

Við aðra umfjöllun um umsóknir var lögð áhersla á endurnýjanlega orku og aðlögun að loftslagsbreytingum við skipulag borga. Alls bárust 176 tillögur um verkefni frá öllum fimm norrænu löndunum.

Átta verkefni hafa þegar verið samþykkt í þeirri umferð og eru nú að hefjast í eftirtöldum löndum: Bólivíu, Eþíópíu, Malaví, Mósambík, Nepal, Rúanda, Sri Lanka og Úganda. Enn er ólokið afgreiðslu á nokkrum verkefnum til viðbótar.

Í þriðju umferð er lögð áhersla á nýskapandi og arðsamar loftslagslausnir fyrir uppbyggingu atvinnulífs í heimabyggð. Skilafrestur rann út um miðjan janúar 2012 en þá höfðu 130 verkefnatillögur borist Norræna loftslagssjóðnum. Þær bíða nú afgreiðslu.

Norræni loftslagssjóðurinn veitir á bilinu 250.000 til 500.000 evrur í styrki til loftslagstengdra verkefna í fátækustu ríkjum Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Auk þess koma oft framlög frá öðrum aðilum í verkefni sem sjóðurinn styrkir. Flest verkefni sem hafa orðið fyrir valinu tengjast Afríku. Skilyrði fyrir veitingu styrks er að hægt sé að framkvæma verkefnið á tveimur árum.

Norræni þróunarsjóðurinn og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið eiga náið samstarf um Norræna loftslagssjóðinn. Með samstarfinu hefur þeim tekist að styrkja fjölda verkefna á undanförunum árum sem gagnast öllum aðilum og stuðla ekki síst að grænum hagvexti í fátækustu ríkjum heims.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Norræni loftslagssjóðurinn (NCF) veitir styrki til loftslagsverkefna í þróunarríkjum. Norræni loftslagssjóðurinn styrkir nýsköpunarverkefni sem ætlað er að sporna gegn áhrifum loftslagsbreytinga í lágtekjuríkjum. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) fjármagnar Norræna loftslagssjóðinn (NCF) og starfar hann í samstarfi við Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) var stofnaður sem þáttur í norrænu þróunarsamstarfi árið 1989. Öll norrænu ríkin fimm eiga aðild að sjóðnum. Norræni þróunarsjóðurinn styrkir einkum verkefni í samstarfi við Alþjóðabankann, svæðisbundna

þróunarbanka (Asíuþróunarbankann (ADB), Þróunarbanka Ameríkúríkja (IDB) og Afríkuþróunarbankann (AfDB)), norrænar fjármögnunarstofnanir og þróunarsamvinnustofnanir norrænu landanna. Árlegt ráðstöfunarfé Norræna þróunarsjóðsins er um 30–35 milljónir evra og er honum ætlað að styrkja verkefni á sviði loftslagsmála. Nánari upplýsingar á slóðinni: www.ndf.fi

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er alþjóðleg fjármögnunarstofnun innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar en eigendur þess eru norrænu ríkin fimm. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið veitir lán til verkefna í Rússlandi, Úkraínu,

Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjum sem gagnast umhverfinu bæði í þessum löndum og á Norðurlöndum. Auk þess styrkir félagið loftslagsverkefni í þróunarríkjum í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn. Árlegar lána- og styrkveitingar Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins nema um 100 milljónum evra. Sjá nánar á slóðinni: www.nefco.org



norden

Norræna ráðherranefndin
Norðurlandaráð

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org